

Húsvernd:

Sýning í tilefni Hús-friðunarársins opnuð í Norræna húsinu

Í DAG verður opnuð í Norræna húsinu sýningin HÚSVERND en sýning þessi er haldin í tilefni Húsfriðunarárs Evrópu 1975. Það eru Norræna húsið, Torfusamtökin og Þjóðminjasafnið, sem standa fyrir sýningunni en Menntamálaráðuneytið veitir styrk til hennar. Sýningin greinist að nokkru niður í þrjár einingar en það eru byggingar á Íslandi, varðveisla þeirra og vernd, norræna farandsýning, „Norræni tímurbúsabærinn“ og sýning á litsskyggum á gömlum og nýjum myndum af byggingum á Íslandi.

Verndum gamalla bygginga hefur mjög verið til umræðu í flestum löndum Evrópu undanfarin ár. Arið 1970 setti Evrópuráðið á fót húsfriðunarnefnd og eiga 17 lönd aðild að henni. Störf þessarar nefndar hafa fram að þessu einkum beinst að undirbúningi Húsfriðunarársins 1975, en kjörorð þess er „Framtíð fyrir fortíð“. Meðal þess semgert hefur verið í Evrópulöndum á þessu ári er að á Norðurlöndunum var undirbúningur sérstök farandsýning, sem til er á öllum Norðurlandamálunum en hún var unnin upp

eftir að nefnd hafði heimsótt öll Norðurlönd og kynnt sér gömul hús og verndun þeirra. Þá voru í flestum Evrópulöndum haldnar ráðstefnur þar sem rætt var um húsfriðunarmál.

Sýninguna í Norræna húsinu hefur Hörður Ágústsson skólastjóri skipulagt í samráði við Þór Magnússon þjóðminjavörð. En þeim til aðstoðar hafa verið arkitektar, starfsfólk Norræna hússins o.fl. Á sýningunni eru ljósmyndir af ýmsum gömlum húsum og sýndar eru breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim. Athyglisvert er að sjá, hvernig augnstungur, en svo nefna húsfriðunarmenn það þegar breytt er um glugga í húsum, breyta útliti húsa og raska svipmóti þeirra. Þá eru á sýningunni munir úr hinna gömlu innréttingu Bessastaðakirkju, s.s. gamli prædikunarstóllinn. Einnig er á sýningunni líkan af Bernhöftstorfunni í Reykjavík sem Sigurður Örlygsson listmálari hefur gert.

Í tengslum við sýninguna verða fluttir fyrirlestrar um efni tengd viðfangsefni hennar. Hörður Ágústsson skólastjóri flytur fyrirlestur þann 14. ágúst en síðar í



Ljós. Mbl. Br.H.

Í gærkvöldi gerðist sá nýstárlegi atburður að Kjarvalsstöðum að listamaðurinn Tarnús, sem þar heldur nú málverkasýningu, málaði mynd meðan hljómsveitin Paradís lék popphljómlist. Verkið tók rúmlega klukkustund og kallast Á hljómléikum með Paradís. Að sögn Alfreðs Guðmundssonar forstöðumanns Kjarvalsstaða tókst samkoman vel og fjöldi ungs fólks fylgdist með. Um 600 manns að því er talið er. A myndinni er Tarnús (með hatt) við listaverkið ásamt meðlimum hljómsveitarinnar og nokkrum áhorfendum.

Komast ekki í hjúkrunar-nám vegna kennaraskorts Spítalarnir í vandræðum vegna skorts á hjúkrunarfókl

Á SAMA tíma og svo mikill hjúkrunarfólksskortur er á sjúkrahúsum, að Borgarspítalinn er að senda út neyðarkall vegna slysadeildar og ósæð er hvernig hægt er að opna nýjar deildir í haust, svo sem neðstu hæð nýju fæðingardeildarinnar í Landspítalanum, langlegudeildina í Hátúni, hæli fyrir drykkjusjúka á Vífilsstöðum og Hafnarbúðir, verður Hjúkrunarskóli Íslands að útiloka vegna kennaraskorts tugi af stúlkum, sem í 2 ár hafa verið að búa sig undir hjúkrunarnám í hjúkrunarsviði Lindargötuskóla á Selfossi í Flensborg og víðar. Í skólanum, sem undanfarin ár hefur tekið 100 nemendur inn, komast nú aðeins 80 vegna skorts á kennurum og auk þess sækja nú övenjumargir stúdentar um skólavist, og skv. reglugerð eiga þeir sem hafa meiri menntun að ganga fyrir. Er þetta í fyrsta sinn, sem nemandur úr hjúkrunarkjörsviði hafa ekki komist að, því jafnan hafa allir verið teknir úr 6. bekk í Lindargötuskóla og 10—15 úr 5. bekk með tilskilda einkunn. Eru nú 15 þeirra á biðlista, en 20 hafa fengið algera neitun. Áhugi er samt svo mikill á hjúkrunarnám að 300 nemendur verða á næsta vetri í hjúkrunar- og uppeldisviði í Lindargötuskóla, þar og 130 í 6. bekk. Þó ekki fari þeir

allir í hjúkrun. Hefur orðið að rýma úr skólahúsi aðrar deildir til að hafa rúm fyrir þessa auknu aðsókn.

Ein stúlkanna, sem ætlaði sér og bjó sig undir að læra hjúkrun, er Þórhildur Guðjónsdóttir. Hún kvaðst hafa verið ákveðin í að verða hjúkrunarkona og verið vísað í Lindargötuskólann, en þar er hjúkrunar- og uppeldiskjörsvið, þar sem m.a. er lesin líffræði og lífeðlisfræði, nokkur verkleg þjálfun er og starfs-

kynning í viku á spítala. Eftir 5. bekk sótti hún um í Hjúkrunarkennaskólanum, en komst ekki að og var með bréfi frá skólastjóra hvött til að halda áfram annan vetur. Í vor kvaðst hún því hafa verið alveg grandalaus, þar sem hún var með einkunn yfir sex. En nú er hún á biðlista vegna þess að stúdentarnir ganga fyrir. Svo er um 15 af félögum hennar, en 20 sagði hún að hefðu fengið algera neitun. Sagði hún að þær væru allar ákaflega sárar yfir að hafa eytt þannig 2 árum og vita ekkert hvað úr verður.

Þorbjörg Jónsdóttir, skólastjóri Hjúkrunarskólans sagði, að ekki yrði vitað fyrr en 15. ágúst hvort

Framhald á bls. 19

Heilsugæzlustöðvar í undirbúningi á Dalvík og Kirkjubæjarklaustri

FRAMKVÆMDIR við byggingu heilsugæzlustöðvar í Dalvík hafa nú verið boðnar út og er ætlunin að reyna að hetjast handa nú fyrir haustið. Þá er einnig smíði heilsugæzlustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri í þann mund að fara af stað, og mjög víða standa yfir framkvæmdir við slfkar stöðvar eða eru í undirbú-

ingi, að sögn Jóns Ingimarssonar hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Fjárfestingarlíðnum í tillögum heilbrigðisfyrvalda er skipt í þrennt, og samkvæmt því eru 1.013.600.000 krónur ætlaðar til að reisa sjúkrahús og heilsugæzlustöðvar en 81 milljón króna til smíði læknisbústaða og 62 milljónir króna til að reisa elliheimili.

Að því er Jón tjáði Morgunblaðinu er stöðin í Dalvík búin að vera á döfinni sl. tvö ár, en var felld út af framkvæmdaáætluninni í fyrra og hefur enn seinkað í ár þar til nú. Dalvíkurstöðin verður reist eftir sömu teikningu og heilsugæzlustöðin á Höfn í Hornafirði sem nú er í smíðum, en arkitekt þeirra er Jón Haraldsson. Dalvíkurstöðin er eins og sú á Höfn, svonefnd H-2 stöð, og getur þannig ráð fyrir tveimur læknum hið fæsta, fyrir utan sérfræðinga, tannlækni, hjúkrunarkonu og ljósmóður.

Stöðin á Kirkjubæjarklaustri er aftur á móti reist eftir teikningum Einars Þorsteinssonar arkitekts, ásamt heilsugæzlustöðvum er eiga að rísa í Vík í Mýrdal, Bolungarvík og Búðardal. Eru þær allar svonefndar H-1 stöðvar eða með einum lækni nema stöðin

Framhald á bls. 19



„Viljum fá tjónið bætt“

„VIÐ munum að sjálfsgöðu leita eftir því að fá tjónið bætt,“ sagði Ágír Frimannsson annar eigendur togbátsins Þorkels Arnasonar GK, en báturinn varð fyrir töluverðu tjóni er hann festi vörpuna í kapli suðaustur af Eldey á fimmtudaginn í fyrri viku. Kapall þessi er ekki merktur á sjókort og enn er ekki fullvíst hverjum hann tilheyrir, en íslensk yfirvöld telja þó líklegast að hann tilheyrir bandaríska varnarliðinu. Ef það reynist rétt vera, geta eigendur bátsins leitað eftir bótum úr svonefndri skaðabótanefnd. Í henni eiga sæti þrír íslenskir lögfræðingar, Hannes Guðmundsson, Páll Asgeir Tryggvason og Héðinn Finnbogason.

Rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson kom á vettvang nokkru eftir að Þorkell Arnason GK festi trollið í kaplinum. Náðu skipverjar á Bjarna kaplinum upp en töldu ekki ráðlegt að höggva á hann heldur slepptu honum aftur. Töldu þeir kapalinn u.þ.b. 5—6 ára og 10—15 sentimetra digran. Frá því trollið festist í kaplinum og þar til kaplinum var sleppt í sjóinn, liðu rúmar 13 klukkustundir. Þar sem báturinn var að toga eru togveigar alveg heimilar og samkvæmt kortum Sjómaelinga Íslands á enginn kapall að liggja þarna um. Á næstunni mun væntanlega liggja fyrir hverjum kapall þessi tilheyrir.

ágúst kemur fyrirlesari að utan og talar um húsvernd á Norðurlöndum.

Sýningin stendur til 31. ágúst n.k. og verður opin daglega kl. 12.00—19.00, en þetta er breyttur opunartími sýninga í húsinu. Sýningin verður opnuð kl. 18.00 í dag.

Nýtt diskótek

ÞESSA dagana standa yfir breytingar á veitingastaðnum Óðali og verður staðurinn opnaður með nýju sniði innan skamms. Húsrymið hefur verið stækkað um meira en helming, eða um rúmlega 300 fermetra. Verður Óðal í framtíðinni rekið bæði sem diskótek og matsölustaður, en hingað til hefur Óðal aðeins verið rekið sem matsölustaður.

Kartöfluupptaka í Þykkvabæ mánuði seinna en Norðanlands

ÞUNGLEGA horfir með kartöfluuppskeru í Þykkvabænum í haust, og haldist ekki tíðarfar gott fram í september má jafnvel vænta að uppskeran bregðist með öllu. Hins vegar er betra hljóð í kartöflubændum í Eyjafirði, sem telja að uppskeran þar geti alveg orðið í meðallagi, þótt nokkru verði hún seinna á ferðinni nú en á sama tíma í fyrra.

Magnús Sigurðsson, fréttaritari Mbl. í Þykkvabænum sagði að ástandið þar um slóðir væri ákaflega slæmt. Maí- og júnimánuðir reyndust einhverjir þeir köldustu

á þessari öld og þess vegna ekki neins góðs að vænta. Sagði Magnús að ef veðurfar hældist ekki vel samlégt fram í september gæti jafnvel svo farið, að algjör uppskerubrestur yrði hjá Þykkvabæjarbændum en alla vega yrði uppskeran mun seinna á ferðinni en í fyrra. Þá voru fyrstu kartöflurnar á ferðinni viku af ágúst, en nú taldi Magnús að ekki yrði byrjað að taka upp fyrr en í septemberlok.

Bergvín Jóhannsson, bóndi að Ashóli í Grýtustaðahreppi í S-

Þingeyjarsýslu, sagði hins vegar í viðtali við Morgunblaðið, að honum virtist ætla að rætast allvel úr kartöfluuppskerunni þar um slóðir, þrátt fyrir að miklir kuldar hefðu verið þegar verið var að setja niður í vor. Sagði Bergvín að það ætlaði að koma vel undir grös-in, og útlitið væri þannig ágætt nema því óhagstæðara tíðarfar yrði á næstunni. Taldi Bergvín að vænta mætti þess að byrjað yrði að taka upp í ágústlok núna, sem væri þó heldur seinna en í fyrra, þegar upptaka hófst um miðjan ágústmánuð.